

Greinargerð um innihald samnings VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs við sálfræðinga um þjónustu á sviði starfsendurhæfingar og verklag vegna þjónustu á grundvelli hans

Inngangur

Þann 1. apríl 2022 tók gildi nýr samningur VIRK-starfsendurhæfingarsjóðs (VIRK) við sjálfstætt starfandi sálfræðinga um þjónustu á sviði starfsendurhæfingar. Öllum löggiltum sálfræðingum sem reka starfsstofu á Íslandi, hafa sótt námskeið um siðareglur og hafa starfsreynslu sem sálfræðingar í að lágmarki 2 ár við meðferð fullorðinna er frjálst að sækja um aðild að samningnum.

Samningur þessi er um kaup á þjónustu og í honum er lýst þeim kröfum sem nauðsynlegt er fyrir VIRK að gera til þeirra aðila sem sinna þjónustu á vegum sjóðsins. Veiting þessarar þjónustu byggir þó eðli málsins samkvæmt ætíð á góðri samvinnu VIRK og sálfræðinga. Nauðsynlegt er að góð samskipti og upplýsingastreymi eigi sér stað á milli viðkomandi einstaklings, ráðgjafa VIRK og sálfræðings svo væntur árangur náist.

Það er ósk VIRK að eiga gott samstarf við sálfræðinga um þjónustu á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar.

Markmiðið með greinargerð þessari er að skýra forsendur samningsins og ýmissa ákvæða hans, auk þess sem nánar verður gert grein fyrir verklagi og samskiptum aðila þegar starfað er á grundvelli hans.

Samningur um þjónustu á sviði starfsendurhæfingar

VIRK var stofnað af aðilum vinnumarkaðarins í kjarasamningum á árinu 2008. Um starfsemi VIRK gilda einnig lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Hlutverk VIRK, samkvæmt þeim lögum, er að móta, samþætta og hafa eftirlit með þjónustu sem veitt er í nafni sjóðsins á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa. Ein megin ástæðan fyrir stofnun VIRK og setningu framangreindra laga er að gagnrýnt hafði verið að þegar endurhæfingu heilbrigðisstofnanna sleppti skorti á eftirfylgni til að auka starfsgetu viðkomandi einstaklinga. Þótti því ástæða til að koma á styrku kerfi atvinnutengdrar starfsendurhæfingar sem starfar samhliða læknisfræðilegri endurhæfingu. Starfsendurhæfingarsjóðir lúta eftirliti félags- og vinnumarkaðsráðuneytis í starfsemi sinni og starfsendurhæfingarmálefni heyra undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Þeir sálfræðingar sem starfa á grundvelli samningsins tilheyra löggiltri heilbrigðisstétt samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsmenn. Þrátt fyrir að veiting þjónustu samkvæmt samningi þessum teljist til þjónustu á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar og um hana gilda lög nr. 60/2012 kemur það ekki í veg fyrir að sálfræðingar fylgi í störfum sínum þeim lögum og siðareglum sem um þá gilda er þeir veita heilbrigðisþjónustu. Að mati VIRK eru löggin samrýmanleg og samningurinn í samræmi við ákvæði laga. Telji sálfræðingar að lögbundnar skyldur þeirra eða siðareglur aftri þeim að starfa eftir tilteknum ákvæðum samningsins verða slíkar ábendingar teknar til skoðunar hjá VIRK.

Við veitingu þjónustunnar gerir VIRK kröfu um að áherslur taki mið af einstaklingsbundinni starfsendurhæfingarátvinnu.

Samskipti og samstarf aðila

Lagt er til að sálfræðingar og ráðgjafar VIRK hafi samráð í byrjun ferils hvers máls með það að markmiði að starfsendurhæfing verði markviss og skilvirk. Ráðgjafi og sálfræðingar skulu svo vera í sambandi í gegnum upplýsingakerfi VIRK eftir þörfum á meðan einstaklingur er til meðferðar hjá sálfræðingi samkvæmt tilvísun frá VIRK. Sálfræðingum er velkomið að óska eftir fundi með ráðgjafa VIRK til að ræða um þjónustu eða til að beina spurningum til VIRK varðandi samninginn að öðru leyti.

Gert er ráð fyrir að samningsaðilar gæti trúnaðar gagnvart hver öðrum varðandi samskipti sín og viðskipti á grundvelli samningsins.

Framkvæmd þjónustu og samskipti við einstaklinga í þjónustu

Eftir að einstaklingi hefur verið vísað í þjónustu til sálfræðings af hálfu VIRK er í höndum sálfræðings að sjá til þess að framgangur þessa hluta starfsendurhæfingar verði eins hraður og best verður á kosið. Það er því á ábyrgð viðkomandi sálfræðings að boða einstaklinga í fyrsta viðtalstíma, þeim skal síðan fylgt eftir með föstum og reglulegum viðtalstímum.

Á samning VIRK við sálfræðinga eru skráðir fjöldi sálfræðinga sem koma til með að veita þjónustu á grundvelli hans. Í samningi af þessu tagi er VIRK eðli málsins samkvæmt nauðsynlegt að gera kröfur um að þjónusta sé veitt innan ákveðinna tímamarka (2 vikur). Þá er í samningnum að finna ákvæði er varða fresti til að skila greinargerð (5 dagar). Þessar kröfur eru nauðsynlegar svo tryggt sé að VIRK geti fylgst með að framvindu hvers máls, með hagsmuni einstaklinga að leiðarljósi. Sjái sálfræðingar ekki fram á að geta veitt þjónustu innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í samningnum í tilteknu máli, skal tilkynna VIRK um það og saman munu aðilar leita lausna á því og komast að niðurstöðu um hvort eðlilegt sé að víkja frá þeim tímamörkum sem í samningnum greinir.

Þjónusta sálfræðings á grundvelli samningsins er kostuð af VIRK. Samningurinn er milli VIRK og sálfræðinga. Einstaklingur í þjónustu á ekki aðild að því samningssambandi. Starfsendurhæfingarþjónusta er einstaklingum að kostnaðarlausu og kveður því samningurinn á um að sálfræðingum sé óheimilt að innheimta nokkuð gjald af einstaklingum sem vísað er til hans af VIRK. Þetta á við um þá þjónustu sem skilgreind er í samningnum og þjónustubeiðni. Komi upp sú staða að einstaklingur óskar eftir eða sálfræðingur býður einstaklingi aðra þjónustu en þá sem gert er grein fyrir í þjónustubeiðni VIRK verður sú þjónusta ekki greidd af VIRK.

Þegar sálfræðingur veitir þjónustu á grundvelli samningsins telst hann til fagaðila sem starfar á vegum sjóðsins. Rétt þykir að áréttu að ákvörðunarvald um framhald eða lok þjónustu á vegum VIRK er á hendi VIRK. Er því skýrt tekið fram í samningnum að komi upp tilvik þar sem sálfræðingur telur sér ekki lengur stætt að veita þjónustu skuli VIRK tilkynnt um það án tafar en sálfræðingur verður ekki krafinn um að veita viðkomandi aðila áfram þjónustu telji hann að lög eða siðareglur hamli því.

Persónuupplýsingar og eftirlit með þjónustu

Um meðferð þeirra gagna sem sem afhent eru sálfræðingum vegna veitingu þjónustunnar gilda 12. gr. laga nr. 60/2012 og lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þrátt fyrir að samningurinn beri með sér skrifleg fyrirmæli VIRK, telst sálfræðingur ábyrgðaraðili við vinnslu persónuupplýsinga um einstaklinga í þjónustu í skilningi persónuverndarlaga. VIRK telst jafnframt ábyrgðaraðili í skilningi sama ákvæðis vegna þeirra persónuupplýsinga sem skráðar eru í upplýsingakerfi sjóðsins.

Í samningnum er að finna ákvæði sem heimilar VIRK að hafa eftirlit með þjónustu sálfræðings. Eftirlitið miðar að því að tryggja að tegund þjónustu, magn, gæði, kostnaður og árangur sé í samræmi við samning aðila. Á sama tíma og ekki er gert ráð fyrir að eftirlit VIRK með störfum sálfræðings verði umfangsmikið þá er ákvæði um heimild til slíks eftirlits nauðsynlegt í samningum af þessu tagi, þá einkum m.t.t. greiðslna sem inntar eru af hendi á grundvelli hans. Enda mikilvægt að VIRK sem kaupanda þjónustu sé gert kleift að tryggja að þjónustan sé af þeim gæðum sem um er samið. Úrræði sem VIRK getur gripið til á grundvelli niðurstöðu slíks eftirlits takmarkast eðli málsins samkvæmt við lögbundið hlutverk VIRK og vanefndarúrræði á grundvelli samningsins eða meginreglna samningaréttar.

Gildistími og uppsögn

Markmið VIRK með samningsgerð af þessu tagi er að koma á langtíma samstarfi við sem flesta sálfræðinga. Ef sálfræðingar óska eftir að starfa ekki lengur samkvæmt samningnum þá er farið fram á það að þeir tilkynni um það með 3 mánaða fyrirvara enda VIRK nauðsynlegt að geta tryggt að einstaklingum í starfsendurhæfingu bjóðist þjónusta sálfræðinga. Óski sálfræðingar eftir að hætta að taka við einstaklingum í þjónustu á meðan uppsagnarfresti stendur mun VIRK taka afstöðu til beiðninnar en VIRK mun í öllum tilfellum gera kröfu um að meðferð þeirra einstaklinga sem þegar hafa hafið þjónustu sé lokið.

Reykjavík, 16. maí 2022